

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 4/2009

frá 5. febrúar 2009

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/5/EB frá 30. janúar 2008 um lögbundnar upplýsingar á merkingum tiltekinna matvæla aðrar en þær sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/802/EB frá 4. desember 2007 um breytingu á ákvörðun 2002/840/EB að því er varðar skrár yfir stöðvar í þriðju löndum sem hafa hlotið samþykki til að geisla matvæli ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/196/EB frá 28. mars 2007 um vöktun á fúraninniha ldi í matvælum ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/5/EB fellur úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/54/EB ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 54zc (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/54/EB) falli brott.
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zze (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/840/EB):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 27, 31.1.2008, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 323, 8.12.2007, bls. 40.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 56.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 300, 23.11.1994, bls. 14.

„– **32007 D 0802**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/802/EB frá 4. desember 2007 (Stjtið. ESB L 323, 8.12.2007, bls. 40).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzv (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB):

„54zzzw. **32008 L 0005**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/5/EB frá 30. janúar 2008 um lögbundnar upplýsingar á merkingum tiltekinna matvæla aðrar en þær sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2008, bls. 12).“

4. Eftirfarandi undirliður bætist við á eftir 63. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/331/EB):

„64. **32007 H 0196**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/196/EB frá 28. mars 2007 um vöktun á fúraninniha ldi í matvælum (Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 56).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/5/EB, ákvörðunar 2007/802/EB og tilmæla 2007/196/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.